

Húnavatnshreppur
b/t Þorgils Magnússon
Húnavellir
541 Blönduós

Reykjavík 7. maí 2019
UST201904-002/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Strangakvísl – Húnavatnshreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Húnavatnshrepps er barst 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Ströngukvíslarskála í Húnavatnshreppi.

Í greinargerð kemur fram að í dag er að finna á svæðinu gangnamannakofa, hesthús, hesthúsbragga og geymslu/rafstöð. Einnig kemur fram að byggt verður nýtt 72 m² hesthús.

Friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan sem hér um ræðir er á friðlandi sem nefnist Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfgeirstungur (Ásgeirstungur) og var landið friðlýst sem friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 1150/2005. Tungurnar eru á háleldinu norðvestan við Hofsjökul og er svæðið rúmlega 401 km². Markmið friðlýsingarinnar er að vernda víðfeómt og gróskumikið votlendi og stórt, fjölbreytt og mikilvægt rústasvæði. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*). Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að tillagan sé í samræmi við friðslýsingarskilmála fyrir friðlandið.

Umhverfisstofnun stefnir á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í samstarfi við sveitarfélagið, landeigendur og aðra hagsmunaaðila svæðisins.

Leyfi til framkvæmda

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt friðlýsingarskilmálum er öll ný mannvirkjagerð óheimili nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Húnavatnshrepps en í 5. gr friðslýsingarskilmála segir: „*Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps [nú Húnavatnshrepps].*“

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að stofnunin veiti umsögn varðandi tillöguna á þessu stigi máls, þarf ávallt að óska eftir leyfi til framkvæmda til stofnunarinnar og sveitarfélagsins innan friðlandsins.

Verndargildi

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að byggja upp innviði svæðisins, að gönguleiðir séu afmarkaðrar og settar séu umgengisreglur í samræmi við friðlýsingarskilmála til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Í 4. gr. friðlýsingarskilmála segir: „Óheimilt er að spilla gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminjum í friðlandinu“. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umferð gesta á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni þess.

Bílastæði


Í greinargerð kemur fram að áætluð bílastæðapörf sé 15 stæði og þar af eitt rútustæði. Umhverfisstofnun bendir á að í 7. gr. friðlýsingaskilmála segir að umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er aðeins leyfð á vegum og því mikilvægi þess að bílastæði sé afmarkað á uppdrætti og á framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir utanvegaakstur og til að stýra umferð.

Fráveita

Fráveita í dag er í formi roþróar án siturbeðis og því er um að ræða eins þepa hreinsun. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og mikilvægt er að það komi fram í tillögunni. Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig fráveitumál verða leyst á svæðinu, þar sem að jarðvegur er rýr á þeim stað sem salerni og fráveitumannvirki eru staðsett á uppdrætti.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 7. gr. friðlýsingar segir að umferð um varplönd heiðagæsar er bönnuð á tímabilinu 1. maí til 20. júní á svæði norðan línu sem dregin er frá Blöndu við Skiptahól og sjónhendingu í Hraungarðshaus og nær skipulagstillagan til svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þetta komi fram í skilmálum deiliskipulagsins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur